

Föstudaginn 18. október 1963.

Nr. 131/1962 **Hreppsnefnd Hjaltastaðahrepps**
f. h. hreppsins (Árni Stefánsson hrl.)
 gegn
Ellí- og hjúkrunarheimilinu Grund
og gagnsök (Magnús Thorlacius hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Magnús Þ. Torfason og Theodór B. Lindal.

Framfærslumál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið málinu til dómsins með stefnu 2. október 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. september s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. marz 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 15.790.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1956 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi þess, að héraðsdómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað hér fyrir dómi, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Óvæfengt er, að Friðfinnur Runólfsson, fæddur 11. febrúar 1881, átti framfærslurétt í Hjaltastaðahreppi á þeim tíma, sem dómkröfur gagnáfrýjanda taka til, þ. e. um tímabilið 1. apríl 1955 til 1. október 1956.

Samkvæmt gögnum málsins leitaði Friðfinnur sumarið 1954 til hreppsnefndar Hjaltastaðahrepps, sem mun gegna

skyldum framfærslunefndar samkvæmt 33. gr. laga nr. 80/1947, og óskaði atbeina nefndarinnar til að útvega honum vist á elliheimili ásamt ábyrgð á greiðslu vistgjalds. Óhnekt er þeirri skýrslu oddvita hreppsnefndar, að beiðni þessari hafi verið synjað, en að samkomulagi hafi orðið, að Friðfinnur færi til ársvistar að nafngreindum bæ í hreppnum samkvæmt þeim kjörum, sem lýst er í héraðsdómi. Skömmu eftir að Friðfinnur var þangað kominn, í október 1954, fluttist hann þaðan til elliheimilis gagnáfrýjanda í Hveragerði. Er ósannað, að aðrir en Friðfinnur eða ættingjar hans hafi staðið að þeim vistaskiptum.

Nokkra fyrstu mánuði dvalar sinnar á elliheimilinu virðist Friðfinnur hafa greitt vistgjald sitt þar af eigin fé og ellilífeyri. Hins vegar er vangoldið vistgjald um tímabil það, er eftir fór og dómkröfur gagnáfrýjanda taka til.

Samkvæmt framfærslulögum á framfærslunefnd almennt ákvörðunarrétt um, hvernig framfærslustyrk er hagað, þ. á m. um vistun styrkþega. Aðaláfrýjandi hafði útvegað Friðfinni Runólfssyni tiltekna vist haustið 1954, án þess að hann bæri sig undan þeirri ráðstöfun, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 80/1947. Aðaláfrýjanda er því óskilt að greiða gjald fyrir vist á elliheimili, sem Friðfinnur eða ættingjar hans ákváðu á eindæmi sitt, enda ósannað, að heilsu hans hafi á þessum tíma verið þannig háttáð, að honum hafi verið svo brýn nauðsyn slíkrar vistar, að eigi hafi mátt biða aðgerða framfærslunefndar, sbr. 37. gr. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 80/1947. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af dómkröfum gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum verður málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Málflutningslaun talsmanna málsaðilja greiðist úr ríkissjóði, kr. 6.000.00 til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti og kr. 3.500.00 til talsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, hreppsnefnd Hjaltastaðahrepps f. h.

hreppsins, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úr rikissjóði greiðist máflutningslaun talsmanna aðilja, kr. 6000.00 til hæstaréttarlögmanns Árna Stefáns-sonar og kr. 3.500.00 til hæstaréttarlögmanns Magnúsar Thorlacius.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. apríl 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 10. desember 1956, gegn Hjaltastaða-hreppi í Norður-Múlasýslu til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 15.700.000 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1956 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þá kröfu, að því er varðar hæð vaxta, að frá 12. nóvember 1956 til 22. febrúar 1960 verði þeir dæmdir 6%, 9% frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en hann hefur fengið gjafvörn, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 22. febrúar s.l.

Krafa stefnanda er vistgjald fyrir Friðfinn Runólfsson á heimili stefnanda fyrir tímabilið 1. apríl 1955 til 1. október 1956. Runólfur þessi vistaðist á heimili stefnanda um haustið 1954. Greiddi hann sjálfur vistgjald sitt fyrir fyrstu mánuðina, meðan hann hafði til þess efni, en frá framangreindum tíma hefur hann ekkert greitt. Ættmenni, sem lögskylt er að framfæra hann, á hann engin á lífi, og er krafa stefnanda því gerð á hendur stefnda sem er framfærslusveit hans. Frá því 1. október 1956 hefur stefndi greitt fyrir Friðfinn vistgjaldið.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að ósannað sé, að Friðfinnur Runólfsson hafi verið orðinn framfærsluþurfi á þeim tíma, er stefnandi krefur vistgjald frá, og einnig að stefnandi hafi ekki fengið ábyrgð hreppsins til greiðslu vistgjaldsins. Haustið 1954 hafi Friðfinnur Runólfsson snúið sér til hrepps-

nefndarinnar og óskað eftir því, að hreppsnefndin útvegaði sér vist helzt á elliheimili og óskað eftir því jafnframt, að hreppsnefndin ábyrgðist dvalarkostnað sinn þar. Ennfremur hafi hann skýrt frá því, að hann ætti ekki aðrar eignir en kr. 15.000.00, sem væri innstæða hjá Kaupfélagi Borgarfjarðar. Hreppsnefndin hafi ekki viljað fallast á að veita honum ábyrgð fyrir dvalarkostnaði á elliheimili. Hafi síðar orðið að samkomulagi með hreppsnefndinni og Friðfinni, að hann færi í ársvist að Kóreksstöðum í Hjaltastaðahreppi og skyldi dvalarkostnaðurinn vera kr. 20.00 á dag. Auk þess skyldi Friðfinnur greiða þar kr. 350.00 í ársleigu fyrir herbergi. Skömmu eftir að Friðfinnur flutti að Kóreksstöðum, hafi hann riftað vist sinni þar og vistast á heimili stefnanda í Hveragerði fyrir milligöngu ættfólks síns í Reykjavík.

Telur stefndi þurfamanni algerlega óheimilt að ráðstafa sér á elliheimili eða í aðra vist á kostnað þess hreppsfélags, sem þurfamaðurinn er heimilisfastur í. Friðfinni hefði af hreppsnefndinni verið útvegaður góður dvalarstaður og hefði hann þar verið áfram, hefði hann ekki orðið sveitarstyrksþurfi, fyrr en allnokkru síðar en raun varð á.

Það liggur ekki fyrir í málinu, hvert fæðingarár Friðfinns Runólfssonar er. Hins vegar kemur fram í skjölum í málinu, að um gamalmenni sé að ræða og ennfremur, að honum hafi verið farin að förlast heilsa. Það verður ekki talið óeðlilegt, að slík gamalmenni vistist á elliheimili, þar sem að því er búið á þann hátt, sem æskilegastur er, og án þess að af slíkri dvöl leiði óeðlilega hár kostnaður, en til beggja þessara atriða verður að telja heimili stefnanda taka fullt tillit. Með vísan til þessa þykir bera að telja stefnda ábyrgan á greiðslu vistgjaldsins fyrir Friðfinn á heimili stefnanda að því leyti, sem hann var ekki sjálfur til þess fær, sbr. 13. gr. laga nr. 80 frá 1947. Friðfinnur greiddi sjálfur vistgjald sitt í upphafi, en frá því í aprílmánuði 1955 hefur hann ekkert af því greitt. Verður því að telja, að hann hafi þá orðið framfærslustyrksþurfi. Stefndi viðurkennir, að Friðfinnur eigi framfærslusveit í hreppi sínum. Ber því að taka kröfu stefnanda í málinu til greina. Hæð vaxta þykir þó bera að miða við kröfu í stefnu, þar sem stefndi hefur ekki samþykkt kröfur stefnanda um hækkun þeirra við hinn munnlega málf lutning.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.700.00.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Árna Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.350.00, greiðist úr ríkissjóði.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hjaltastaðahreppur í Norður-Múlasýslu, greiði stefnanda, Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, kr. 15.790.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1956 til greiðsludags og kr. 2.700.00 í málskostnað.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, hæstaréttarlögmanns Árna Stefánssonar, kr. 2.350.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. október 1963.

Nr. 144/1962. **Birgir Hákon Valdimarsson**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Rafmagnsstjóranum í Reykjavík f. h.

Rafmagnsveitu Reykjavíkur

(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Mál til endurheimtu tryggingarfjár.

Krafa um miska- og skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1962. Eru kröfur hans þessar:

1. Að stefnda verði dæmt, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, að endurgreiða inn í sparisjóðsbók áfrýjanda í Útvegsbanka Íslands, hér í borg, nr. 19364, tryggingarfé áfrýjanda, kr. 3000.00, auk 6% ársvaxta